

Alþingi
Erindi nr. P 135/1431
komudagur 15.2.2008



Vestmannaeyjabær

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 12. febrúar 2008
erindi nr. 200801222

Tilkynning um afgreiðslu á erindinu: Umsögn um frumvarp til laga um samgönguáætlun.

Á 2837. fundi Bæjarráðs Vestmannaeyja þann, 29. janúar 2008, var erindið hér að neðan tekið til umfjöllunar og svohljóðandi bókun gerð:

200801222

Umsögn um frumvarp til laga um samgönguáætlun.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið að öðruleiti en því að minnt er á mikilvægi þess að ákvæði laga um samgöngur séu skýr.

Vestmannaeyjabær hefur áður bent á að Herjólfur sé þjóðvegur og haga beri gjaldtöku og þjónustu í samræmi við það. Samgönguráðuneytið hefur hinsvegar tekið fram að engin ákvæði vegalaga eða annarra laga skyldi ríkið eða Vegagerðina til að halda uppi ferjusamgönum við Vestmannaeyjar. Túlkun

Samgönguráðuneytisins er því að ríkið geti samkvæmt gildandi lögum ákeðið að hætta alfarið eða dregið mjög úr þátttöku í ferjusamgöngum til Vestmannaeyja með því að gera breytingar á styrkjum til þeirra. Þessu hefur Vestmannaeyjabær mótmælt og er erindi þess eðlilis til umfjöllunar hjá Umboðsmanni Alþingis.

Bæjarráð hvetur því Alþingi til að taka af allan vafa í þessu máli og beita sér fyrir því að ákvæði laga um samgöngur séu skýr.

Afgreiðsla þessi er háð samþykki bæjarstjórnar, og verður yður tilkynnt tafarlaust ef hún breytist.

Virðingarfyllst,


Jóhanna Þórðardóttir
Þjónustufulltrúi

RÁÐHÚSINU
902 VESTMANNAEYJUM
PÓSTHÓLF 60
SÍMI 488-2000
TELEFAX 488-2001
KENNITALA 690269-0159